


Eystrahorn

9. tbl. 39. árgangur

Fimmtudagurinn 4. mars 2021

www.eystrahorn.is

Hornafjarðarfljót



Brátt mun gamla brúin yfir Hornafjarðarfljót ljúka sínu hlutverki þegar ný lega Hringvegarins með nýrri brú verður tekin í notkun, sem áætlanir gera ráð fyrir að verði árið 2024. Ákveðið var að setja brúna frammar í forgangsroðun framkvæmda með tillögu í samgönguáætlun sem undirritaður lagði fram haustið 2019. Ávinningurinn af breyttri forgangsroðun er umtalsverður. Ný brú yfir Hornafjarðarfljót stytir hringveginn um tæpa 12 km og fækkar einbreiðum brúm á honum um 3. Þar að auki er verið að losa um fjórar einbreiðar brýr á Hringveginum frá Brunná að Steinavötnum, ýmist búið eða klárast á þessu ári.

Kvennakór Hornafjarðar

Gamla brúin sem er 60 ára gömul á þessu ári er barn síns tíma, einbreið með óslétt brúargólf og úr sér gengin. Ég skil mjög vel íbúa í Sveitarfélaginu Hornafirði sem eru búnir að biða lengi og eru að vonum orðnir óþreyjufullir eftir nýrri brú yfir

Hornafjarðarfljót. Framtak Kvennakórs Hornafjarðar var því stórskemmtilegt þegar þær vöktu athygli á einbreiðum brúm sem því miður eru ennþá á Hringveginum og öðrum fjölförnum þjóðvegum.

Endurreisn

Í ríkisstjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar var kveðið á um endurreisn íslenskra samgönguinnviða þar sem uppbyggingu væri hraðað, bæði í nýbyggingu og viðhaldi. Frá því ég tók við embætti samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra hafa framlög í samgönguframkvæmdir aukist hratt.

Farið verður í færslu hringvegarins og byggingu nýrrar brúar yfir Hornafjarðarfljót á grundvelli nýrra laga um samvinnuverkefni um samgönguframkvæmdir. Með því fæst aukíð fjármagn til samvinnufarmkvæmda til viðbótar við ríkisframlagið sem flýtur uppbyggingu mikilvægra samgönguinnviða enn frekar, stytir vegalengdir og eykur umferðaröryggi. Í öllum framkvæmdunum

munu vegfarendur hafa val um aðra leið og greiða ekki gjald á þeirri leið. Hringvegur um Hornafjarðarfljót er eitt af þeim verkefnum og verður fyrst í röðinni.

Vegagerðin vinnur nú að undirbúningi útboðs. Leitað er eftir aðilum sem hafa áhuga á að semja við Vegagerðina og leggur ríkið til allt að 50% af áætluðum framkvæmdakostnaði. Útboðsferlið hefst á vormánuðum svo framkvæmdir geti hafist fyrir árslok 2021.

Þremur árum síðar

Ég hlakka til þess dags þegar nýja brúin verður opnuð, mun samgledjast og ganga yfir brúna með íbúum sem hafa verið ótúlir baráttumenn um nauðsyn þess að útrýma einbreiðum brúm til aukins umferðaröryggis.

*Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður
Framsóknar og samgöngu- og
sveitarstjórnarráðherra*



Húsgagnaval

Húsgögn og gjafavörur

Margt fallett og nytsamlegt fyrir fermingarbarnið

Rúm, rúmgaflar, náttborð, rúmföt, lampar, vekjaraklukkan, útvörp speglar ofl í herbergið

Útivist: tjald, svefnpoki, bakpoki og fl.

Ópið virka daga frá kl. 13:00-18:00

Símar: 478-2535 / 898-3664



HAFNARKIRKJA

Kyrrðarstund á föstu
fimmtudaginn 4.mars
kl. 18:15

Verið velkomin í kirkjuna
Prestarnir
Munið sóttvarnarreglur



Þakkir

Innilegar þakkir fyrir hlýju og samúð
vegna andláts og útfarar

Hallberu Karlsdóttur

Sérstakar þakkir fær starfsfólk
Skjólgarðs fyrir frábæra umönnun.

*Halldór Vilhjálmsson og aðrir
aðstandendur.*



Þakkir

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda
samúð og hlýhug vegna andláts og
útfarar ástkærs eiginmanns míns,
föður, tengdaföður, afa og langafa

Kjartans Jónssonar

Útförin fór fram fimmtudaginn
25. febrúar frá Hafnarkirkju

Lovísa S. Eymundsdóttir, börn og fjölskyldur



Húsnæði óskast

Fjölskylda óskar eftir 4-5 herbergja íbúð eða húsi til leigu
sem fyrst.

Skilvísun greiðslum heitið.

Hafsteinn Ísaksen

Farsími: 760-3720

hafsteinn.isaksen@gmail.com



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933
Útgefandi:..... HLS ehf.

Rítstjóri og
ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson
Netfang:tjorvi@eystrahorn.is
Prófarkalestur.... Guðlaug Hestnes
Umbrot:Tjörvi Óskarsson
Prentun:Litlaprent
ISSN 1670-4126

Styrktaráskrift

Viltu styðja við útgáfu
Eystrahorns ?

Kynntu þér málið á:

[www.eystrahorn.is/
styrktaraskrift/](http://www.eystrahorn.is/styrktaraskrift/)

Eystrahorn

FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA MUNIÐ EFTIR:

SAMVERA 5. mars kl. 17:00

Stefnumótun fyrir sveitarfélagið og
önnur mál sem koma upp.

Gestir: Matthildur Ásmundardóttir
bæjarstjóri og Erla Björg Sigurðardóttir
sviðsstjóri velferðarsviðs.

Þetta er fyrir okkur. Fjölmennum
(megum nú vera 50) og munum eftir
grímumum



Aðalfundur GHH
verður haldinn fimmtudaginn 11. mars
kl. 20:00 í golfskálanum

Venjuleg aðalfundarstörf
Hvetjum við félagi að mæta og taka
með sér gesti

Stjórn GHH



Aðalfundur Hestamannafélagsins Hornfíðings verður haldinn fimmtudaginn 4. mars kl.19:30 í Stekkhól.

Dagskrá:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Inntaka nýrra félaga
3. Skýrsla stjórnar og umræður um hana
4. Reikningar félagsins og umræður um þá
5. Ákvörðun árgjalds
6. Skýrslur nefnda og umræður
7. Lagabreytingar, ef fram koma
8. Kosningar
 - a) Kosning stjórnar
 - b) Kosning varastjórnar
 - c) Kosning endurskoðenda
 - d) Kosning fulltrúa á þing L.H.
 - e) Kosning nefnda
 - f) Önnur mál



Leikskólalabolti

Fótbolti: 7 mars, 21 mars, 18. apríl, 2. maí og 16. maí
Karfa: 14. mars, 11. apríl, 25. apríl, 9. maí og 23. maí

Íþróttahúsinu Höfn – Sunnudaga kl. 10:20-11:00
Stakur tími: 600 kr. – Námskeið 10 tímar 5000 kr.-
Leiðbeinandi: Kristján Ebenezerzson
Körfuknattleiks og knattspyrnudeild Sindra

2015 og 2016
árgangur



SAMKÓR HORNAFJARÐAR
AÐALFUNDUR SAMKÓRS
HORNAFJARÐAR
 Verður haldinn þriðjudaginn
 9. MARS 2021 KLUKKAN 17:00
 Í SAFNAÐARHEIMILI HAFNARKIRKJU
 HEFÐBUNDIN AÐALFUNDARSTÖRF
 NÝIR MEÐLIMIR HJARTANLEGA VELKOMNIR

Keppni aftur af stað hjá yngri flokkunum



Það voru spenntir drengir í fjórða og fimmta bekk sem brunuðu til Reykjavíkur um helgina til að reima á sig körfuboltaskóna og klæða sig í Sindrabúninginn í fyrsta skipti í ár í alvöru kappleik. Tílefnið var fyrsta umferð í Íslandsmóti drengja 10 ára og yngri á keppnistímabilinu sem haldin var í Hertz-helli ÍR-inga.

Sindri sendi tvö lið að þessu sinni, en alls voru 47 sem voru skráð til keppni. Skemmst er frá því að segja að Sindramenn stóðu sig með þryði, bæði liðin unnu þrjá leiki og töpuðu einum og höfnuðu í öðru sæti í sínum riðlum. Þetta þýðir að liðin halda sér í sínum styrkleika og eiga góða möguleika og komast upp um flokk ef menn halda áfram að bæta sig fyrir næsta mót. Drengirnir voru til sóma innan sem utan vallar og skein leikgleðin og keppnissskap úr hverju andliti og greinilegt að þjálfararnir Gísli Þórarinn Hallsson og Arnþór Fjaljarsson höfðu góð áhrif á drengina.


Aðalfundur

Aðalfundur Björgunarfélags og Björgunarbátasjóðs Hornafjarðar verður þriðjudaginn **þann 16. mars kl. 20:00**.

Fundurinn verður haldinn í Nýheimum að þessu sinni svo við getum haldið okkur við 2m regluna. Hvetjum alla félagi til að mæta.



NORÐURLJÓSABLÚS 2021



Föstudaginn 12. mars á Pakkhúsinu

Miðaverð: 3000 kr.

GUÐMUNDUR PÉTURSSON BLÚSBAND
BJÖRG & ÞORKELL

Vegna sóttvarnareglna er takmarkaður fjöldi miða í boði. Ekki verða seldir helgarpassar. Miðapantanir eru í síma 864-6562 hjá Hafðísi. Við mælumst til að fólk panti miða í 6-10 manna hópum.



Laugardaginn 13. mars á Hafinu

Miðaverð: 5000 kr.

BAGGALÚTUR

ALLT TIL ALLS Í NÆSTU NETTÓ!

-30%



Lambahryggur
Fylltur

3.149 KR/KG
ÁÐUR: 4.499 KR/KG

KJÖTSEL

-30%



Kjúklingalæri
Úrbeinuð

1.749 KR/KG
ÁÐUR: 2.499 KR/KG

KJÖTSEL

KJÖTSEL



-40%

Grísakinnar
Marineraðar

827 KR/KG
ÁÐUR: 1.379 KR/KG

-40%



KJÖTSEL

Nautastrimlar
Fajitas

1.799 KR/KG
ÁÐUR: 2.999 KR/KG

-50%



16'' Pizza margarita
Alibaba

700 KR/STK
ÁÐUR: 1.399 KR/STK

GÆÐAKJÖT Á FRÁBÆRU VERÐI!

-23%



Nauta T-bone
Fullmeyrnað

2.925 KR/KG
ÁÐUR: 3.799 KR/KG

KJÖTSEL

-25%



Heilsuvara vikunnar!

Acidophilus Plús
Guli miðinn - 120 töflur

1.199 KR/PK
ÁÐUR: 1.599 KR/PK

Kiwi

275 KR/KG
ÁÐUR: 549 KR/KG

-50%



-35%



Vínarbrauð
Pecan

149 KR/STK
ÁÐUR: 229 KR/STK


-35%



Súrdeigsbrauð
608 gr

337 KR/STK
ÁÐUR: 519 KR/STK

nettó
Lægra verð - léttari innkaup



VERSLAÐU Á NETINU
www.netto.is

Tilboðin gilda 4.-7. mars

Tilboðin gilda meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Söfn á vegum Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar

Menningarmiðstöð Hornafjarðar rekur fimm söfn í dag en sýningaraðstaða er misgóð eftir því hvert safnið. Það var mikið framfaraskref þegar Nýheimar voru teknir í notkun, þar er Héraðsskjalasafnið og Bókasafnið til húsa ásamt vinnuáðstöðu Menningarmiðstöðvarinnar. Listasafnið Svavarssafn er í Ráðhúsinu, þar eru fastar sýningar og einnig eru settar upp nokkrar sérsýningar á hverju ári. Mörg listaverkanna hanga uppi í stofnunum sveitarfélagsins og þar geta gestir notið þeirra. Hlutverk listasafnsins er að safna listaverkum eftir íslenska listamenn með sérstakri áherslu á skaftfellska list. Það er auðvitað útilokað að sýna öll verkin samtímis og því eru mörg þeirra í geymslum á milli þess sem þau eru sýnd.

Náttúrugripasafnið á ekki sérstakt sýningarrými á borð við Svavarssafn en nokkrir munir þess eru til sýnis í Bókasafninu og Gömlubúð, annað er í geymslu.


Byggða- og náttúrugripasafnið í Gömlubúð var mikill ævintýraheimur. Gamlabúð var verslunarhús við Papós og flutt að Höfn í Hornafirði þegar verslunin færðist þangað, til mikils hagræðis fyrir flesta íbúa sýslunnar. Sögu hússins og ferðalagi þess eru gerð ágæt skil í Gömlubúð í dag: m.a. frá hafnarsvæðinu þegar það var gert að byggða- og náttúrugripasafni og svo aftur á hafnarsvæðið þegar það var gert að gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs. Í Gömlubúð eru einnig sýndir ýmsir munir sem tengjast sögu og náttúru.

Söfnunarstefna byggðasafnsins er að safna minjum sem gefa heildstæða mynd af sögu og mannlífi héraðsins, minjum sem lýsa heimilishaldi, félagslífi, samgöngum og atvinnuháttum, jafnt til sjávar og sveita. Til skamms tíma var sjávarútveginum gerð skil með sýningum í Skreiðarskemmunni og í Miklagarði, en nú hafa munir úr þeirri fyrrnefndu bæst við það sem hýst er í geymslum safnsins.

Nú standa yfir endurbætur á húsnæði Miklagarðs og eins og sjá má í fundargerð Atvinnu- og menningarmálanefndar frá 27. ágúst 2020 er gert ráð fyrir að helmingur hússins verði tekinn undir sýningarhald á vegum safna sveitarfélagsins. Væntanlega verða þar bæði fastar sýningar og lifandi safn. Það orð er haft yfir breytilegar sýningar, með því móti eru meiri líkur á að sama fólkið njóti þess að koma reglulega á safnið til að sjá það sem er í gangi hverju sinni. Ákvörðun um fyrirkomulag sýninga safnsins verða þó væntanlega teknar í samstarfi starfsmanna og nefndarinnar sem fer með málaflokkinn, eins og í öðrum málefnum Menningarmiðstöðvarinnar.

Söfn Menningarmiðstöðvar starfa eftir viðeigandi lögum hvers safns. Það kemur fram í lögnum hvers safnaflokks hvernig skuli standa að móttöku nýrra aðfanga og einnig hvernig skuli standa að því að grisja safnkost.

Grisjun safngripa byggðasafns byggjast á Safnalögum og eru þau ætluð til að auka fagmennsku og gagnsæi. Mat förgunar




Myndir úr geymslu Byggðasafnsins

er ekki lengur byggt á áliti viðkomandi starfsmanns heldur að fenginni umsögn sem óskað er eftir frá höfuðsafni byggðasafnsins, Þjóðminjasafninu og að fenginni umsögn Safnaráðs.

Í safnkosti margra safna getur verið að finna gripi sem skipta ekki lengur máli fyrir hlutverk safnsins. Engu að síður halda þeir áfram að vera hluti safneignarinnar, og taka þannig pláss og fela í sér kostnað fyrir stofnunina. Af ýmsum ástæðum (t.d. þegar gripir hafa orðið fyrir umfangsmiklum skemmdum eða eru teknir óþarfir vegna þess að mörg samskonar eintök eru til á safninu) er grisjun bæði rökrétt og ábyrgt skref. Það geta því komið upp aðstæður þar sem ástæða er til að fjarlægja grip sem er hluti af safnkostinum úr safneigninni. Þessi þörf til að grisja getur verið raunveruleg og aðkallandi, en mikilvægt er að huga að ýmsum formlegum og siðferðislegum atriðum áður en slíkt kemur til framkvæmda. Byggðasafnið á mjög marga safngripi og síðan að núverandi forstöðumaður hóf störf á Menningarmiðstöðinni 2017 hefur ekki verið staðið að grisjun safnkosts nema þá að vélum sem stóðu í Hoffelli í geymslu. Vélarnar lágu undir skemmdum og var okkur því ekki til setunnar boðið. Við fórum þá leið að bjóða fyrri eigendum þær aftur til varðveislu. Þær vélar sem ekki fóru til síns fyrri heima fóru á annað safn eins og Safnalög mæla fyrir um. Tvær vélanna eru enn í eigu safnsins.

Það var mikið framfaraskref þegar geymslur á Álaleiru leystu eldra geymsluhúsnæði af hólmi. Áður hafði aðstaðan verið ófullnægjandi og því miður voru dæmi um að safngripir lægju undir skemmdum. Undanfarin ár hefur verið boðinn aðgangur að geymslum safnsins á árlegum safnadegi og stundum oft. Því miður höfum við ekki getað auglýst opnar geymslur á síðasta ári vegna kórónuveirufaraldursins en sem betur fer hefur dregið úr útbreiðslunni og í kjölfarið hafa sóttvarnaryfirvöld boðað tilslakanir. Það er því gleðiefni fyrir okkur að geta boðið upp á opnar geymslur aftur. Stefnt



er að opnum geymslu degi innan skamms og verður dagurinn auglýstur í Eystrahorni.

Að lokum viljum við hvetja íbúa og gesti til að koma á söfnin í Sveitarfélaginu Hornafirði. Bókasafnið er opið alla virka daga og þar má sjá muni sem tilheyra Náttúrugripasafni og að sjálfsögðu er þar aðstaða til að tylla sér niður með góða bók í hönd. Héraðsskjalasafnið er einnig opið alla virka daga og hægt er að biðja um aðgang að skjölum þess. Almenna reglan er sú að öllum er heimill aðgangur að skjölum í vörslu Héraðsskjalasafns Austur-Skaftafellssýslu. Á því eru nokkrar undantekningar sem lúta að almannahagsmunum og persónuvernd einstaklinga. Gott er að hafa samband við héraðsskjalavörð áður en mætt er á staðinn svo að hægt sé að hafa skjölin til reiðu. Svo er hægt að tylla sér við skrifborð á Bókasafninu til að skoða þau skjöl sem áhugi er á að lesa úr Héraðsskjalasafninu. Reglur fyrir gesti héraðsskjalasafns og um afritun skjala taka mið af reglum Þjóðskjalasafns Íslands. Opnunartíma gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs í Gömlubúð má finna á vefsíðu þeirra og starfsfólk þjóðgarðsins hefur einnig séð um að opna Verbúðina í Miklagarði fyrir áhugasama gesti, þó sýningin þar tilheyri auðvitað Byggðasafninu en ekki þjóðgarðinum. Sýningar Svavarssafns má finna á heimasíðu safnsins og þangað er ætíð gaman að koma eins og við vitum öll.

Eyrún Helga Ævarsdóttir forstöðumaður
Menningarmiðstöðvar



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

Útboð



Sveitarfélagið Hornafjörður, hér eftir nefnt verkkaupi, óskar eftir tilboðum í verkið „**Hrollaugsstaðir – endurbætur – íbúðir**“ eins og því er lýst í meðfylgjandi útboðsgögnum. Hér er um almennt útboð að ræða og lýtur þeim reglum sem um það gilda. Innifalið í tilboði skal vera allt það sem til þarf að ljúka verkinu eins og það er skilgreint í útboðsgögnum þessum.

Lauslegt yfirlit yfir verkið

Fyrirhugaðar eru alls herjar endurbætur á hluta félagsheimilisins á Hrollaugsstöðum í Suðursveit, Sveitarfélaginu Hornafirði, nánar til tekið á þeim hluta hússins sem upphaflega var byggður sem skóli og heimavist. Húsið er staðsett í u.þ.b. 55 km fjarlægð frá næsta þéttbýli sem er Höfn í Hornafirði. Endurbæturnar felast í að endurinnrétta þennan hluta hússins og breyta í fimm íbúðir.

Helstu verkþættir, sem eiga við þann hluta hússins sem endurbæturnar ná yfir, eru:

- Rif og förgun á utanhússklæðningu, þakklæðningu, hluta af gluggum, milligólfu úr timbri, innréttingum, gólfefnum, ljósum og lögnum, einangrun og klæðning innan á útveggjum rifin, múrbrot á hluta innveggja, flögn gólfa og botnplötu að hluta.
- Allt innandyrna verður svo endurinnréttað á þessum hluta hússins samkvæmt viðeigandi teikningum/verklýsingum hönnuða.
- Þak verður endur einangrað og sett ný þakklæðning á húsið.
- Ný utanhússklæðning verður sett á húsið en gert er ráð fyrir að undirkerfi og einangrun haldi sér.
- Skipt verður um alla glugga og hurðir og einnig verður bætt við gluggum og hurðum á húsið og nýjar svalir verða settar utan á húsið.
- Allir útveggir endur einangraðir að innan með plasteinangrun og múraðir.

Vettvangskönnun á verkstað

Vettvangskönnun verður haldinn með tilboðsgjöfum eftir óskum. Nákvæm tímasetning og fyrirkomulag vettvangskönnunar verður skv. samkomulagi aðila. Þjóðendur eru hvattir til að mæta í vettvangskönnun og kynna sér aðstæður á verkstað.

Útboðsgögn

Útboðsgögn bera nafnið: „**Hrollaugsstaðir – endurbætur – íbúðir**“ og sundurliðast eftirfarandi:

- IST 30
- Útboðslysing gerð af ASK Arkitektum ehf. Verkhof ehf. og tæknideild Sveitarfélagsins Hornafjarðar.
- Teikningar og verklýsingar arkitekta, gerðar af ASK arkitektum ehf.
- Teikningar og verklýsingar, gerðar af Verkhof ehf.
- Teikningar og verklýsingar, gerðar af Vattará ehf.
- Tilboðsblað ásamt tilboðsskrá
- Form verksamnings
- Form verktryggingar

Útboðsgögn fást afhent rafrænt án endurgjalds frá og með fimmtudeginum 25. febrúar 2021, eftir klukkan 13:00 með því að senda tölvupóst á bjorni@hornafjordur.is og óska eftir því að fá send útboðsgögn í verkið „Hrollaugsstaðir - Endurbætur – íbúðir“ Þá verður fljótlega sendur hlekkur til baka á þann stað sem hægt verður að sækja gögnin. Vinsamlegast takið fram í viðfangsefni pósts „Hrollaugsstaðir útboðsgögn“.

Tilboðsgjafar skulu vera búnir að skila inn tilboði merktu „Hrollaugsstaðir – Endurbætur – íbúðir. Tilboð“ eigi síðar en fimmtudaginn 25. mars 2021 kl. 14:00. er þau verða opnuð samtímis í víðurvist þeirra þjóðenda er þess óska.

Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Tilboð eru bindandi í 5 vikur frá opunardeg.

Nánari upplýsingar veita:

*Björn Imsland, bjorni@hornafjordur.is sími 470-8014 eða 894-8413.
Brynja Dögg Ingólfsdóttir brynja@hornafjordur.is sími 470-8003.*



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



BÍLAÞRIF KNATTSPYRNUDEILDAR SINDRA

Við tjóruþvóm, sápum með svampi, bónum og tókum létt þrif að innan!



Fólksbílar: 10.000 kr.
Jeppingar: 12.000 kr.
Jeppar: 15.000 kr.

Pantanir og frekari upplýsingar í síma 618-5944 (Kristinn)

Groddaveisla Hafinu 6. mars kl. 18:00

Húsið opnað kl. 18:00. Groddinn byrjar kl 19:00 þar sem **Gísli Einarsson** veislustjóri og skemmtikraftur mun ríða á vaðið. **Pálmi Geir** kjötmeistari mun hafa yfirumsjón með eldamennsku fyrir kvöldið. Hið vinsæla málverkaupboðið er á sínum stað.



Maturinn verður ekki að verri endanum.

- **Forréttur:** reykt gæsabringa og Sushi hvalur
- **Veislumatur:** grillað langreyða hvalkjöt, saltað hrossakjöt, og belju BBC rif.
- **Aðgangseyrir:** 8000 kr.

Miðaurval er takmarkað við 50 manns vegna sóttvarnareglna.

Þetta er kvöld sem þið skuluð ekki missa af.

Miðar seljast við innganginn fyrstur kemur fyrstur fær.

Ágóði rennur í Styrktarsjóð
Kiwanisklúbbsins Ós.



Menningarhátíð Sveitarfélagsins Hornafjarðar

12. mars kl. 17:00 í Nýheimum

Afhending styrkja, umhverfis- og menningarverðlauna Austur- Skaftafellsýslu 2021



Dagskrá:

Matthildur Ásmundardóttir bæjarstjóri ávarpar hátíðargesti

Afhending styrkja bæjarráðs:

Ásgerður Gylfadóttir, formaður bæjarráðs

Afhending styrkja úr Atvinnu- og rannsóknarsjóði:

Bjarni Óskar Stefánsson, aðalmaður í atvinnu- og menningamálanefnd

Afhending styrkja Menningarmálanefndar:

Hólmfríður Bryndís Þrúðmarsdóttir, varaformaður atvinnu- og menningamálanefndar

Tónlistartriði - Björg og Þorkell hita upp fyrir blúshátíð

Afhending umhverfisviðurkenninga:

Finnur Smári Torfason, varaformaður umhverfis- og skipulagsnefndar

Afhending styrkja fræðslu- og tómstundarnefndar:

Nejra Mesetovic, aðalmaður fræðslu- og tómstundarnefndar

Afhending menningarverðlauna:

Kristján S. Guðnason formaður atvinnu- og menningamálanefndar

Veitingar

Allir velkomnir og virðum sóttvarnareglur



Björg og Þorkell koma fram

Auglýsing um forval 2021 hjá Vg-Suður



Vinstrihreyfingin - grænt framboð í Suðurkjördæmi auglýsir eftir frambjóðendum á lista hreyfingarinnar í kjördæminu fyrir Alþingiskosningar í haust. Framboðsfrestur rennur út á miðnætti, mánudaginn 8. mars 2021.

Þau sem gefa kost á sér skulu tilkynna það skriflega til kjörstjórnar í tölvupósti á netfangið sudur@vg.is. Einnig er hægt að stínga upp á frambjóðanda með ábendingu til kjörstjórnar, sem leitar þá eftir samþykki þeirra sem bent hefur verið á. Óháð forvalinu er mögulegt að gefa kost á sér í sæti 6 - 20. Ef þú hefur áhuga á að bjóða þig fram á lista VG í Suðurkjördæmi í sæti 6 - 20 eða vilt benda á einhvern sem þér list vel á, sendu póst á sudur@vg.is fyrir miðnætti, 21. apríl.

Öll þau sem áhuga hafa á að koma hugsjónum VG um kvenfrelsi, félagslegan jöfnuð, umhverfisvernd og friðarstefnu í framkvæmd eru hvött til að gefa kost á sér. Forvalsreglur og lög VG má nálgast á heimasíðunni www.vg.is.

Kosningin er rafræn og stendur frá miðnætti 10. apríl - 12. apríl klukkan 17.00, 2021 en kjördæmisstjórn Suðurkjördæmis mun annast kynningu á frambjóðendum með sérstöku kynningarefni og fundum.

Til að kjósa í forvalinu þarf að:

- vera félagi í Vg, það er gert með því að skrá sig á heimasíðu www.vg.is.
- til að fá að kjósa í forvalinu þarf að skrá sig fyrir 31. mars.
- vera með lögheimili í Suðurkjördæmi eða skráður í VG félag í kjördæminu.
- eiga íslykil eða rafræn skilríki.
- kosið er rafrænt á heimasíðu vg.is

Sviðaveisla Lions

Verður miðvikudaginn 10. mars í Pakkhúsinu frá kl. 18:00 til 20:00.

Verðum með söltuð og fersk svið, rófur og kartöflur.

Allur ágóði sviðaveislunnar rennur óskiptur til líknarmála í Hornafirði.

Ekki verður tekið við kortum.

Takk fyrir stuðninginn Norðlenska, Hornafjarðar kartöflur Seljavöllum og Pakkhúsið.





Ný
vefverslun
á n1.is

Tilboð í mars



25%
afsláttur

Dunlop stígvél

Dunlop Acifort stígvél með ilja- og távörn. Hentug og efnapólin.

Vnr. 9655 A442031



25%
afsláttur

Ólíuhreinsir

Óþynntur ólíuhreinsir tilbúinn til notkunar. Fæst í 5l og 20l brúsum.

5l: 100003698

20l: 100003699



25%
afsláttur

Nítrilhúðaðir hanskar

Nítrilhúðaðir hanskar úr örtrefjaefni sem andar vel.

Vnr. 9655 A442031



25%
afsláttur

Leðurhanskar

Fóðraðir Tegera leðurhanskar með riflás.

Vnr. 9640 335



35%
afsláttur

Smurolía

Samsett, hágæða 5W-30 smurolía, fyrir bensín- og dísilvélar frá VW-Audi.

Vnr. 115 PRO20L



25%
afsláttur

Bremsuhreinsir

Öflugur fituleysir sem gerir yfirborð hreint og þurr.

Vnr. 115 BC500M

Verslun N1
Vesturbraut 1, Höfn í Hornafirði, 440-1462



ALLA LEIÐ